

3. fundur samstarfsnefndar vegna sameiningaviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar

13. apríl 2023, kl: 15:00.

Mætt voru:

Jenný Lára Magnadóttir frá Tálknafjarðarhreppi

Jóhann Örn Hreiðarsson frá Tálknafjarðarhreppi

Lilja Magnúsdóttir frá Tálknafjarðarhreppi

Ólafur Þór Ólafsson frá Tálknafjarðarhreppi

Jón Árnason frá Vesturbyggð

Guðrún Eggertsdóttir frá Vesturbyggð

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir frá Vesturbyggð

Þórdís Sif Sigurðardóttir frá Vesturbyggð

Bryndís Gunnlaugsdóttir og Vilhjálmur Sveinsson frá KPMG. Vilhjálmur ritaði fundargerð.

I. Bréf til Jöfnunarsjóðs

Bréf til Jöfnunarsjóðs lagt fram til kynningar og afgreiðslu

Samþykkt samhljóða.

II. Kynningarmál

Farið var yfir tilboð frá auglýsingastofum í framkvæmd kynningarmála í aðdraganda atkvæðagreiðslu um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar. Tvö tilboð bárust frá Hér og nú ehf. og Athygli ehf.

Var samþykkt samhljóða að ganga til samninga við lægstbjóðanda sem var Hér og nú ehf.

Einnig var farið yfir drög að vefsíðu fyrir verkefnið en vefsíðan verður á vestfirðingar.is. KPMG var falið að hafa umsjón með síðunni og setja inn efni. Lögð var áhersla á að efnið á vefsíðunni væri auðskilið og sett fram á myndrænan hátt.

III Kynning fyrir stjórnendur og starfsfólk og vinnudagur starfshópa

Farið var yfir drög að kynningu sem lögð verður fram á kynningarfundi fyrir starfsfólk og kjörna fulltrúa. Lögð var áhersla á að verið væri að búa til nýtt sveitarfélag og að horft sé til framtíðar í allri þeirri vinnu sem framundan er.

Einnig var ákveðið að halda vinnudag með öllum starfshópum til að tryggja virkt flæði á milli hópa og aðgang allra hópa að sérfræðipækkingu. Ákveðið var að vinnudagurinn yrði haldin þann 5. maí klukkan 14:00. Sveitarstjórum var falið að finna hentuga staðsetningu fyrir vinnudaginn.

Ráðgjöfum KPMG var falið að undirbúa drög að skipulagi vinnudagsins fyrir næsta fund nefndarinnar.

IV. Íbúafundir

Samþykkt var að halda fjóra íbúafundi til að kynna vinnu og álit samstarfsnefndar.

Íbúafundir fara fram á eftirfarandi tímum:

- 6. júní á Barðaströnd klukkan 16:00
- 6. júní Patreksfjörður klukkan 20:00
- 7. júní Tálknafjörður klukkan 20:00
- 8. júní Bíldudal klukkan 20:00

V. Önnur mál

Samstarfsnefndin ræddi fyrirkomulag heimastjórna og kom fram skýr vilji allra í samstarfsnefndinni að heimastjórnir í hverjum byggðakjarna sé forsenda sameiningar sveitarfélaganna. Lögð verður áhersla á kynningu og umræðu á því fyrirkomulagi í allri vinnu og fundum um verkefnið.

VI. Næsti fundur

Næsti fundur verkefnisstjórnar er 26. apríl nk. kl. 15:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:40.